



## Eineltisáætlun Stekkjaráss –

### Eineltisáætlun Stekkjaráss - nemendur

#### Stefnuyfirlýsing

Í stjórnarskránni segir; „Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og ummönnun sem velferð þeirra krefst“. Þessu ber okkur að fylgja og því er mikilvægt að öll eineltismál séu meðhöndluð samkvæmt þeirri áætlun sem hér verður lýst. Það er réttur allra barna að finna til öryggis og vellíðunar í leikskólanum. Í Stekkjarási viljum við tryggja eins og okkur er framast unnt að svo megi vera og er þessi eineltisáætlun einn liður í því.

#### Skilgreining

Einelti er langvarandi ofbeldi, andlegt eða líkamlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hóp og beinist að einstaklingi eða jafnvel einstaklingum sem ekki eru færir um að verja sig. Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

Einelti getur birst í ýmsum myndum en algengast er að flokka það í tvo flokka, líkamlegt og andlegt.

#### Dæmi um einelti

Í líkamlegu einelti felst hvers konar líkamlegt áreiti svo sem barsmíðar, slagsmál, hártoganir og spörk.

Andlegt einelti á sér stað við stríðni, höfnun, svipbrigði, skilaboð o.fl. (skilja út undan, tala illa um, ógna, hæða o.s.frv.).

#### Vísbendingar um að um einelti geti verið að ræða:

Hugsanlega getur verið um einelti að ræða ef nemandinn:

- Vill ekki fara í leikskólann
- Kvartar undan vanlíðan á morgnana, t.d. höfuðverk og magaverk
- Missir sjálfstraust, byrjar jafnvel að stama
- Fitnar eða grennist ótæpilega
- Leikur sér ekki við önnur börn, forðast þau jafnvel
- Neitar að segja frá því hvað amar að
- Kemur oft heim með marbletti eða skrámur
- Verður árásargjarn og erfiður viðureignar



### Er einelti í leikskólum?

Einelti getur átt sér stað í leikskólum eins og á öðrum skólastigum og fylgt barni áfram upp í grunnskóla ef ekkert er aðhafst. Á leikskólaárunum er barnið að byrja að mynda vinatengsl. Það getur skipt sköpum að barnið nái að þroska þessi tengsl og fái hjálp til þess á meðan það er í leikskóla. Það getur breytt miklu fyrir barn sem er líklegur þolandi í eineltismáli að eiga traustan og góðan vin. Börn í leikskólum eru í öruggu umhverfi og því er kjörið að byrja að vinna gegn einelti þar sem hópurinn er náinn. Auk þess eru tengsl starfsfólks við foreldra í leikskólum nánari en á öðrum skólastigum.

### Hvað gerum við:

Þegar vitneskja um einelti berst frá nemendum, forráðamönnum eða starfsfólki leikskólans, er henni komið til deildarstjóra. Hann ákveður næstu skref eftir eðli málsins og kallar til samstarfs við sig þá aðila sem þurfa þykir.

### Forvarnir gegn einelti í leikskólanum:

- Deildarstjóri ber ábyrgð á reglulegri umræðu á deildarfundum um líðan, samskipti og hegðun.
- Allt starfsfólk deilda ber ábyrgð á reglulegri umræðu við nemendur um líðan, samskipti og hegðun.
- Deildarstjóri, starfsfólk og nemendur vinna saman reglur á deildinni gegn ofbeldi og einelti.
- Nemendur sýna hverjir öðrum tillitsemi, sveigjanleika og umburðarlyndi.
- Allt starfsfólk stuðlar að samvinnu heimila og skóla.
- Virkt eftirlit er á öllum starfsstöðvum leikskólans, s.s. útisvæði, leikstofum og í vett-vangsförðum.
- Það er á ábyrgð allra starfsmanna leikskólans að fara eftir þessari áætlun.
- Leikskólastjóri sér um að upplýsingar og vitneskja berist á viðeigandi staði eftir eðli máls. Einnig ber hann höfuðábyrgð á að farið sé eftir þessari áætlun.

### Það sem við getum öll gert:

- Tekið einelti alvarlega og reynt að koma í veg fyrir að það eigi sér stað.
- Aflað góðra upplýsinga þegar við verðum vör við einelti.
- Hvatt börnin til að segja frá einelti og stutt við bakið á þeim.
- Hjálpað sérhverju barni sem verður fyrir einelti.
- Aðstoðað börn sem leggja önnur börn í einelti, við að breyta hátterni sínu.
- Gert börnunum grein fyrir að einelti í leikskóla hefur áhrif á starf og líðan allra á deildinn þar sem einelti viðgengst.
- Upplýst börn og fullorðna um að einelti skekkir sjálfsmynd og skerðir sjálfstraust þeirra, sem fyrir því verða.

### Hlutverk starfsmanna leikskólans:

- Að vera vakandi fyrir líðan og velferð nemenda. Hlusta á börnin og lesa í samskipti þeirra. Mikilvægt er að leikskólastjóri og aðrir starfsmenn komi vitneskju um einelti sem allra fyrst til deildarstjóra.



## Starfsmannahandbók leikskólans Stekkjaráss

### Hlutverk nemenda leikskólans:

- Að koma vitneskju um einelti til starfsmanna.

### Hlutverk foreldra:

- Að vera vakandi fyrir líðan og félagslegri stöðu barna sinna.
- Stuðla að jákvæðum samskiptum nemenda utan leikskólatíma.

### Upp kemur mál:

Þegar vitneskja berst um einelti til leikskólans frá nemanda, forráðamönnum eða starfsfólki leikskólans, er henni komið til deildarstjóra. Deildarstjóri tekur málið fyrir í samráðsteymi leikskólans. Málið er greint samkvæmt skil-greiningu leikskólans á einelti. Samráðsteymið leitar eftir upplýsingum frá starfsfólki og öðrum sem koma að leikskólasterfinu og ákveður næstu skref eftir eðli málsins.

### Hvað svo:

1. Ef samráðsteymi metur það svo að um einelti sé að ræða, gerir hann forráðamönnum málsaðila grein fyrir stöðunni.

Farið er yfir:

- Hver viðbrögð leikskólans eru til að aðstoða þolanda og geranda/gerendur.
- Hvað forráðamenn þolanda og geranda/gerenda geta gert til aðstoðar barni sínu og leikskólanum og hver ábyrgð forráðamanna er í eineltismálum.
- Samstarf foreldra og samráðsteymis leikskólans um að fylgja málinu eftir.

2. Deildarstjóri gerir viðkomandi starfsfólki grein fyrir stöðu mála.

3. Allt ferlið er skráð í dagbók af deildarstjóra og foreldrar eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik.

### Hlutverk samráðsteymis

Í samráðsteymi sitja leikskóla- og aðstoðarleikskólastjórar ásamt sérkennslustjóra. Viðkomandi deildarstjóri tekur einnig sæti í teyminu. Hlutverk samráðsteymis er fyrst og fremst að vera leiðbeinandi aðili við lausn vandamála sem upp koma í leikskólanum. Samráðsteymið miðlar þekkingu og heldur utan um upplýsingar.

Samráðsteymi er leikskólakennurum til fulltingis í erfiðum/alvarlegum viðtölum ef óskað er eftir því. Sé vandamál svo alvarlegt að leikskólakennari telur fullreynt að hann geti leyst það sjálfur getur hann vísað málinu til teymisins sem grípur þá til frekari aðgerða.



## **Eineltisáætlun-starfsmenn Stekkjarás.**

Það er stefna fyrirtækisins að starfsmenn sýni samstarfsfólki sínu alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti og kynferðisleg áreitni verður undir engum kringumstæðum umborin á vinnustaðnum. Meðvirkni starfsmanna í einelti er fordæmd.

Skilgreining fyrirtækisins á hvað einelti og kynferðisleg áreitni er styðst við reglugerð nr. 1000/2004 en þar segir í 3. gr.:

***Einelti: Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.***

Stjórnendur bera ekki aðeins ábyrgð á störfum starfsfólks heldur einnig á því að grundvallarreglur samskipta á vinnustað séu virtar. Nýjum starfsmönnum er kynnt stefna og viðbragðsáætlun fyrirtækisins í eineltismálum strax við upphaf starfs. Stefnan og viðbragsáætlunin eru rifjaðar upp reglulega á starfsmannafundum.

Á vinnustöðum geta komið upp ágreiningsmál og hagsmunaaðrekstrar sem valdið geta óþægindum. Mikilvægt er að leysa slík mál án tafar áður en þau þróast til verri vegar. Tekið verður á fölskum ásökunum um einelti af sömu festu og einelti almennt.

Komi upp einelti skulu þolendur leita til næsta yfirmanns. Ef yfirmaðurinn er gerandinn eða hundsar vandamálið er hægt að leita til tveggja annarra aðila (sjá næsta kafla). Þessir aðilar skulu sýna þolanda fullan trúnað.

Fyrirtækið mun grípa til aðgerða gagnvart starfsmönnum sem leggja aðra í einelti, t.d. með áminningu, tilflutningi í starfi eða uppsögn. Alvarleg atvik verða hugsanlega kærð að höfðu samráði við þolanda. Gerandi eineltis verður látinn axla ábyrgð.



## VIÐBRÖGÐ

Starfsmaður sem verður fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni skal snúa sér hið fyrsta til leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra og tilkynna um atvikið. Ef þessir stjórnendur eru gerendur málsins eða sinna því ekki er hægt að snúa sér til tveggja annarra trúnaðaraðila.

Þegar yfirmaður eða trúnaðaraðilar fyrirtækisins fá vitneskju um einelti munu þeir bregðast við samkvæmt eftirfarandi viðbragðsáætlun. Strax er metin þörf þolanda fyrir bráðan stuðning og hann veittur. Lögð verður áhersla á að leysa málið hið fyrsta og koma í veg fyrir frekara einelti.

Auk yfirmanna fyrirtækisins eru eftirfarandi trúnaðaraðilar tilbúnir að ræða við starfsmenn um meint einelti á vinnustaðnum: **Öryggistrúnaðarmaður, Öryggisvörður, Trúnaðarmaður Hlífar starfsmanna og Trúnaðarmaður KÍ starfsmanna.**

Sá aðili, sem samband er haft við, ákvarðar síðan í samráði við þolandann hvert framhaldið verður. Hægt er að velja á milli óformlegrar eða formlegrar málsmeðferðar.

### Óformleg málsmeðferð

Slík málsmeðferð felur í sér að leitað er upplýsinga hjá þolanda og honum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf. Aðrir innan vinnustaðarins eru ekki upplýstir um málið.

### Formleg málsmeðferð

Gerð er hlutlaus athugun á málsatvikum. Rætt er við þolanda, geranda og aðra sem veitt geta upplýsingar um málið. Mikilvægt er að leita upplýsinga um tímasetningar og fá fram gögn ef einhver eru, s.s. tölvupósta, sms-skilaboð eða annað.

Fundin verður lausn sem m.a. getur falist í breytingum á vinnustaðnum, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi. Gerandi mun fá leiðsögn og aðvörun, hann gæti líka verið færður til í starfi.

Málinu verður fylgt eftir og rætt við aðila þess að ákveðnum tíma liðnum. Fylgst verður með samskiptum aðila málsins.

Láti gerandi ekki segjast og viðheldur eineltinu leiðir það til uppsagnar hans úr starfi.

**Að lokum: Fyllsta trúnaðar skal gætt við meðferð eineltismála.**

Hafnarfirði, janúar 2014



## VIÐAUKI

### **Lög, reglugerðir og fræðslurit um eineltismál:**

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, svokölluð vinnuverndarlög.

Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað nr. 1000/2004.

Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Stefanía Traustadóttir: Kynferðisleg áreitni vinnustöðum. Skrifstofa jafnréttismála og Vinnueftirlit Ríkisins. Reykjavík, 1998.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir og Þóra Magnea Magnúsdóttir (umsjón): Einelti og kynferðisleg áreitni á vinnustöðum. Forvarnir og viðbrögð. Vinnueftirlitið. Reykjavík, 2004.